

Aðalfundur Skógræðingafélags Íslands á Hvolsvelli

4. apríl 2008.

Mættir voru Hreinn, Björn, Böðvar, Sigvaldi, Arnór, Valgerður E., Hrönn, Agnes, Harpa, Þorbergur, Björgvin, Hallgrímur, Aðalsteinn, Bjarni D.

Arnór tók að sér fundarstjórn, BS ritar fundargerð

1. Skýrsla stjórnar og nefnda. Brynjar fjallaði um störf stjórnar á árinu og bar þar hæst umsögn um s.k. bandorm sem snérust um breytingar á skógræktarmálum í stjórnsýslunni. Endurmenntunarmálin hafa talsvert verið rædd á árinu á óformlegu nótonum. Björn fór yfir þau endurmenntunarmál sem eru í gangi fyrir skógræktarfolk. Fór yfir afstaðið skjólbeltamál og eins jólatrjáanámsskeið í haust. Byggja mætti á því samstarfi við Dani áfram. Fundarmenn virtust almennt sammála um að endurmenntunarmál ættu að fá aukið vægi í starfsemi félagsins. Námsmatsnefndin kom ekki saman á árinu en fyrir liggja 2 óafgreiddar umsóknir. Arnór stakk uppá að stjórnin sendi skógræðingum sem eru utan félags bréf og bjóðum þeim að ganga í félagið með því að greiða árgjaldið án þess að fara þá formlegu leið sem lög félagsins gera ráð fyrir. Námsmatsnefnd falið að taka saman yfirlit yfir þá sem eru skógræðingar á landinu og þá sem eru í námi og koma því til stjórnar sem síðan sendir bréf áfram út til þessara aðila. (Nemar erlendis: Páll Sigurðsson, Valdimar Reynisson, Jón Þór Birgisson, Hlynur Sigurðsson).
2. Reikningar Hallgrímur las upp reikninga félagsins sem eru yfirfarnir af Böðvari Guðmundssyni. Hrein eign 65628,-.
3. Lagt til óbreytt árgjald, samþ. samhljóða
4. Engar laga og reglugerðarbreytingar.
5. Stjórnarkjör. Kjósa þarf ritara til eins árs og síðan formann og gjaldkera til tveggja ára. Björgvin gefur kost á sér til formanns, Harpa Dís gefur kost á sér til gjaldkera og Bjarni Diðrik ritari. Samþ. samhljóða.
6. Námsmatsnefnd. Þorbergur verður formaður nefndarinnar og Arnór og Aðalsteinn verða áfram í námsmatsnefnd. Endurmenntunarnefnd óbreytt.
7. Skoðunarmenn kosnir Böðvar og Hreinn.
8. Starfsáætlun. Ekki liggur fyrir starfsáætlun.

Fundi slitið